

## **Nefndarsvið alþingis. Atvinnumálanefnd.**

### **Umsögn frá hrossabændum á Norðurlandi sem halda hryssur til framleiðslu á blóði.**

**Þingskjal 15 - 15. mál. 152.**

**löggjafarþing 2021-2022.**

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).**

#### **Athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp.**

Hér á eftir fer umsögn er send var á síðasta ári vegna þessa máls en frumvarp þetta er endurflutt.

Frumvarp þetta er stutt, eða ein setning sem er á þessa leið. „Bannað er að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því vöru til sölu.“. Greinargerð frumvarpsins hefst á því að segja að framleiðsla dýrablóðs sé iðnaður. Að halda hross er landbúnaður og ekkert annað, hvaða grein sem við tekur og vinnur úr landbúnaðarafurðum frekari vöru. Þá er í greinargerðinni vitnað í hrossahald og fleira sem fram fer í öðrum löndum og þar um notaðar fullyrðingar sem ekki er séð að byggðar séu á rannsóknum eða staðfestum athugunum.

Bændur og aðrir sem halda hross og taka blóð úr hryssum eru margir hverjir búnir að halda hross og önnur dýr í fjölda ára. Þeir kappkosta að fara vel með öll sín dýr en gera það á mismunandi hátt eins og gengur. Í öllu dýrahaldi koma upp álitamál og eins er um þá grein sem hér um ræðir en eftirlit með búfjárhaldi er mikið og það grípur inn í ef þörf er á en slíkt er afar fátítt. Blóðtaka úr hryssum nær yfir um 12 vikur. Einu sinni í viku kemur dýralæknir sem annast blóðtökuna og fylgist hann með ástandi hryssuhópsins í hvert sinn. Bændur búa við þann munað að dýralæknar eru undantekningalaust miklir fagmenn og er þeim að fullu treystandi til að grípa inni í ef einstaklingur úr hjörð eða hjörðin öll er illa haldin. Þetta eina atriði ætti að vera nægileg staðfesting á því að vel er að þessum málum staðið. Vanhöld húsdýra eru alltaf einhver en vanhöld á hryssum og folöldum eru afar lítil og langt undir því sem er hjá öðrum húsdýrum.

Niðurstaðan er einföld. Bændum, sem halda hryssur til blóðframleiðslu, er að fullu treystandi til að gera það á þann hátt að velferð þeirra sé tryggð og ef svo ólíklega vildi til að einhverju væri ábótavant þá eru dýralæknar sem annast blóðtöku meira en vel hæfir til að óska úrbóta eða annarra aðgerða ef þörf er á. Matvælastofnun er síðan með sitt eftirlit og þar með er umgjörð þessarar búgreinar í góðu horfi.

Frumvarp þetta á því engan rétt á sér enda er með því verið að ráðast að atvinnufrelsi lítills hóps sem í hvívetna hefur farið að þeim reglum sem um dýrahald gilda. Útilokað er að réttlæta framlagningu þessa frumvarps enda kemur fram í málflutningi og greinargerð flutningsmanna ósannar fullyrðingar auk lítillar þekkingar á þessu dýrahaldi.

Bændur á Norðurlandi, sem framleiða blóð úr hryssum eru því alfarið á móti þessu frumvarpi.

**Hér kemur viðbót við fyrri umsögn bænda á Norðurlandi, sem halda hryssur til blóðtöku.**

Engin breyting hefur orðið á umgjörð eða framkvæmd þessarar starfsemi, það er að taka blóð úr hryssum, frá því að fyrri umsögn var send. Það sem hefur breyst er að þessi búgrein liggur nú undir árásum, hleypidómum, ósannindum og heift sem erfitt er að skilgreina. Ástæðan er áróðursmyndband, sem framleitt er og kynnt af öfgasamtökum, sem dreift hefur verið víða og sýnir starfsgreinina á ósanngjarnan hátt enda markmiðið að valda henni eins miklu tjóni og mögulegt er. Tilurð myndbandsins ætti að vera umfjöllunarefni en enginn hefur haft fyrir því að fara ofan í það hvernig þeir, sem að því standa, hafa hagað vinnu sinni. Myndbandið er byggt, að töluverðu leiti, á földum myndavélum þar sem efni þeirra er síðan klippt saman á fagmannlegan hátt til sýna sem versta hlið á þessu öllu. Það að ráðast inn á einkaland manna, hús þeirra og aðstöðu og koma þar fyrir myndavélum án vitneskju viðkomandi er alvarlegur glæpur. Með slíkri gjörð er brotið á lögbundnum réttindum fólks, gengið freklega gegn friðhelgi einkalífs þess og fjölmörg lög, sem sett hafa verið af alþingi, þverbrotin. Myndefnið, þar sem sýnt er frá blóðtöku, er á engan hátt lýsandi fyrir hefðbundna blóðtöku og því er hér með hafnað að blóðtakan sé dýranið. Engar vísindalegar rannsóknir liggja að baki þeirri fullyrðingu, um að blóðtaka sé dýranið og hryssurnar, sem blóð er tekið úr, lifa góðu lífi frjálsar í haga. Bændur setja metnað sinn í að fara vel með sín hross og hjörðin er stolt hvers bónda hvort sem þeir eru í blóðtöku eða stunda aðrar greinar hrossabúskapar.

Margir bændur þessa lands búa við fremur þröngan kost þar sem tekjur þeirra hafa dregist saman og hækkun á rekstrarvörum er veruleg. Margir hafa því farið út í að halda hryssur til blóðframleiðslu og eru með því að styrkja sinn búskap og um leið byggð í dreifbýlinu. Þá eru allnokkrir sem eiga stórar og grasgefnar jarðir, þar sem ekki er hefðbundinn búskapur og er þeirra hrossahald liður í að halda jörðinni í góðu horfi með beitinni og tekjurnar notaðar í viðhald á mannvirkjum jarðarinnar.

Nú eru líklega um 5000 hryssur í landinu í framleiðslu á blóði. Ef svo færi að þetta frumvarp verði samþykkt verða því 5000 hryssur í landinu án hlutverks og ekkert annað biður þeirra en ferð í sláturhús eða önnur förgun. Það fellur líklega undir dýravelferð að mati flutningsmanna.

Það er fáheyrt að sjá það í frumvarpinu, sem hér er til umfjöllunar, að þar sé eingöngu lagt til að banna blóðtöku úr hryssum en þar er ekkert fjallað um réttindi þeirra sem þennan búskap hafa stundað. Það er með öðrum orðum vilji flutningsmanna að svipta þá tekjum og raska þar með afkomu þeirra að verulegu leiti. Hjá sumum bændum, sem tilheyra þessari búgrein, er þetta svo stór liður í afkomunni að þeir verða nauðbeygðir til að bregða búi. Staða þessara bænda virðist engu skipta fyrir flutningsmenn frumvarpsins og ekkert réttlæti virðist hjá þeim að finna þegar þeir leggja til að svipta þessa bændur lífsafkomunni. Þeir eiga að liggja óbættir hjá garði.

Það kemur fram í fyrri umsögn, að bændur, sem halda hryssur til blóðtöku á Norðurlandi, eru á móti þessu frumvarpi og þeir eru það enn. Enda er grunnur þess og rökstuðningur byggður, að miklum hluta á þekkingarleysi og upphrópunum.

Þann 11.01.2022.

Fyrir hönd hrossabænda á Norðurlandi, sem halda hryssur til blóðtöku.

Birgir Hauksson Valagerði

Magnús Magnússon Staðarbakka

Kristján Þorbjörnson Gilsstöðum.